

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum, Bjarney ritaði fundargerð.

**Dagskrá og afgreiðsla fundarins:**

**1. Skipulagsmál**

Deiliskipulagstillaga í Kálfshamarsvík var auglýst skv. skipulagslögum nr. 123/2010 frá 16. nóvember til 30. desember og bárust athugasemdir/ábendingar við skipulagið. Gerðar hafa verið verulegar breytingar frá auglýstri deiliskipulagstillögu til að koma á mótis við athugasemdir/ábendingar og umsagnaraðila. Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir að endurauglýsa deiliskipulagstillögu í Kálfshamarsvík skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**2. Úrgangsmál**

Umræður um úrgangsmál.

**3. Skagabúð**

Oddvita falið að fara yfir húsreglur og gjaldskrá Skagabúðar og þær teknar til umræðu á næsta fundi.

**4. Breyting á samþykkt um stjórn Skagabyggðar - seinni umræða**

Liðnum er frestað.

**5. Brunavarnir**

Oddvita falið að óska eftir fundi með slökkviðliðsstjóra til þess að fara yfir brunavarnarmál Skagabyggðar.

**6. Skólaakstursreglur**

Samþykkt að fara eftir viðmiði ráðuneytis, reglugerð nr 656 frá 2009 um skólaakstur í grunnskóla.

**7. Bréf**

**a) Búfjáreigendum í Skagahólfi sem sleppa á ógirt afréttarlönd sem liggja að Þverárfjallsvegi**

Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur jákvætt í erindið og felur oddvita að hafa samband við framkvæmdastjóra Skagafjarðar og Húnabyggðar með að vinna málið áfram.

**b) Vinnuvélum Símonar vegna framkvæmdaleyfis úr grjótnámu á Skaga**

Sveitarstjórn heimilar oddvita að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á grjóti og kjarna í námu í landi Hvammkots og flutningum um Skagaveg til Skagastrandar að uppfylltum þeim skilyrðum að flutningur fari aðeins fram í frosti og borið verði ofan í veginn að verki loknu í samráði við Vegagerð Ríkisins og sveitarstjórn Skagabyggðar.

**c) Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga**

Til kynningar - Aðalfundur sjóðsins er 31.03.2023

**d) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Boðun XXXVIII. landsþings sambandsins**

## **Sveitarfélagið Skagabyggð - Sveitarstjórn**

---

*Erla Jónsdóttir er fulltrúi Skagabyggðar á landsþing sambandsins 31 mars og Vignir Sveinsson til vara.*

### **8. Fundargerðir**

#### **a) Fundargerð 917. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

#### **b) Fundargerð 918. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

#### **c) Fundargerð SSNV 88. fundar 3.janúar 2023**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

#### **d) Fundargerð SSNV 89. fundar 10. janúar 2023**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

#### **e) Fundargerð SSNV 90. fundar 7. febrúar 2023**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

#### **f) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 7. febrúar 2023**

*Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 7. febrúar 2023. Undir 1. dagskrárlíð Lántaka vegna Sæborgar kemur fram samþykki stjórnar vegna lántöku til að fjármagna framkvæmdir á húsnæði Sæborgar sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2023. Til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum umrædds láns ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja eigendur til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.*

*Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánessamningi vegna láns Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá Lánasjóði sveitarfélaga:*

*Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félags- og skólaþjónustu A- Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 20.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. mars 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.*

*Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við húsnæði Félags- og skólaþjónustu A- Hún sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Erlu Jónsdóttur oddvita Skagabyggðar kt. 250374-4299, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skagabyggðar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

*Bókun borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða*

*Að öðru leyti var fundargerð lögð fram til kynningar.*

### **11. Önnur mál**

*Ekkert var bókað undir þessum lið*

## **Sveitarfélagið Skagabyggð - Sveitarstjórn**

---

*Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt*

*Fundi slitið kl 16:10*